

## Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur miðvikudaginn 23. janúar 2008 í máli nr. Q-13/2007:

M

*(Sigurður Sigurjónsson hrl.)*

**gegn**

K

*(Sigurmar Kristján Albertsson hrl.)*

I

Málið barst dóminum 2. júlí sl. og var þingfest 20. ágúst. Það var tekið til úr skurðar að loknum munnlegum flutningi 10. janúar sl.

Sóknaraðili er M

Varnaraðili er K

Sóknaraðili krefst þess „1) –að staðfest verði með dómi, að aflaheimildir, sem nánar eru tilgreindar í kvöð dagsettri 7. mars 2007, sbr. dskj. 3, séu einkaeign mannsins og persónubundin atvinnuréttindi og eigi að falla utan skipta við búskipti á milli sóknaraðila og varnaraðila – 2) –að úrskurðað verði, að fyrirbyggjandi mat dómkvaddra matsmanna á einkahlutafélaginu xx ehf. verði ekki talið bindandi við skipti í búinu – 3) –að fallist verði á kröfu mannsins um að konunni verði gert að skila inn til skiptastjóra þeim fjármunum og hún svipt vörslum á þeim fjármunum, sem hún heldur á bankareikningum, þannig að jafnræði verði með aðilum en maðurinn heldur því jafnframt fram, að hætt sé við að konan eyði þeim fjármunum, sem hún hefur vörslur á.“ Þá er krafist málskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess „1. Að hafnað verði með úrskurði þeirri kröfu sóknaraðila að aflaheimildir vistaðar á D eign xx ehf., séu einkaeign sóknaraðila og falli utan skipta. 2. Að hafnað verði þeirri kröfu sóknaraðila að mat dómkvadds matsmanns sé ekki bindandi og kveðið verði á um það í úrskurðarorði að matið skuli gilda við skipti á búi aðila máls þessa. 3. Að kveðið verði á um það í úrskurðarorði að vilji sóknaraðili ekki útlagningu á félaginu xx ehf. á matsverði, þá skuli selja félagið með atbeina skiptastjóra. 4. Að hafnað verði þeirri kröfu sóknaraðila að varnaraðili verði svipt umráðum þeirra fjármuna sem hún hafði umráð yfir við upphaf skipta þann 14. mars 2005.“ Þá er krafist málskostnaðar.

## II

Aðilar gengu í hjónaband ....ágúst 1992 og slitum samvistir í apríl 2005. Þú þeirra var tekið til opinberra skipta 8. ágúst sama ár og skiptastjóri skipaður. Áður en þau gengu í hjónaband gerðu þau með sér kaupmála en hann var felldur úr gildi með öðrum kaupmála 16. október 2004. Við upphaf skipta kom til ágreinings um gildi síðari kaupmálans auk þess sem aðilar deildu um hvort alfarið skyldi beitt helmingaskiptareglu hjúskaparlaga við skiptin. Þessum ágreiningi lauk með dómi Hæstaréttar 13. júní 2006 sem staðfesti úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur frá 22. maí sama ár um að við skiptin skyldi beitt helmingaskiptareglunni samkvæmt 103. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993.

Ekki lauk deilum aðila með dómi Hæstaréttar og sendi skiptastjóri málið á ný til dómsins eins og rakið var. Í bréfi skiptastjóra er gerð svofelld grein fyrir ágreiningnum:

„1. Meðal þeirra eigna sem koma til skipta er einkahlutafélagið xx ehf. kt. 000000-0000. Félagið á D ..... .., skipaskrárnúmer .... sem vistar m.a. aflaheimildir sem nánar eru tilgreindar í kvöð dagsettri 07.03.2007. Maðurinn heldur því fram að þessar aflaheimildir séu hans einkaeign og eigi að falla utan skipta. Kröfunni er mótmælt af hálfu konunnar. Nauðsynlegt er að vísa ágreiningi um þetta til úrlausnar Héraðsdóms Reykjavíkur.

2. Einkahlutafélagið xx ehf. var metið m.v.t. 20.- 21. gr. skl. nr. 20/1991. Ágreiningur er um gildi matsins. Konan heldur því fram að matið sé bindandi. Maðurinn verði að leysa til sín félagið á matsverði en vilji hann það ekki þá beri að selja félagið. Maðurinn mótmælir þessu og telur að afla beri tiltekinna gagna og upplýsinga sem fram koma í bréfum hans dagsettum 24. apríl og 17. maí. Afstaða skiptastjóra er sú að matið sé bindandi enda var ekki krafist yfirmats. Nauðsynlegt er að vísa ágreiningi um þetta til úrlausnar Héraðsdóms Reykjavíkur.

3. Maðurinn krefst þess að konan verði svipt umráðum þeirra fjármuna sem voru á bankareikningum á hennar nafni á viðmiðunardegi skipta 14. mars 2005. Ástæða sé til að óttast að hún eyði peningunum eða rýri þá verulega. Skiptastjóri hafnaði kröfunni. Ekkert liggur fyrir sem sýnir fram á að ástæða sé til að óttast að fjármunirnir fari forgörðum en þó svo væri eru eignir búsins það miklar að unnt væri að jafna það við skiptin. Nauðsynlegt er að vísa ágreiningi um þetta til úrlausnar Héraðsdóms Reykjavíkur.“

## III

Sóknaraðili byggir á því að aflaheimildirnar sem um er deilt í málinu séu persónubundin réttindi sín og geti því ekki komið til skipta. Vísar hann til ákvæða laga um stjórn fiskveiða og til 72. gr. stjórnarskrárinnar máli sínu til stuðnings.

Á því er og byggt að mat það sem fyrir liggur sé haldið ágöllum sem leiði til þess að það verði ekki lagt til grundvallar skiptum. Sóknaraðili byggir á því að hann hafi ekki fengið að koma að nauðsynlegum upplýsingum og að matsmaður

hafi ekki aflað þeirra þrátt fyrir ábendingar. Sóknaraðili telur að hann eigi ekki að beiðast yfirmats heldur sé það skiptastjóra að gera það. Loks er bent á að matið standist ekki lengur þar eð forsendur þess hafi breyst með niðurskurði aflaheimilda.

Loks byggir sóknaraðili á því að hætta sé á að varnaraðili eyði fjármunum sem eru á bankareikningum og hún hafi yferráð yfir. Bendir hann á að ekki sé eðlilegt að hún hafi þessi yferráð og geti farið með innstæður að vild, en hann hafi ekki yferráð yfir fjármunum á sama hátt.

Varnaraðili byggir á því að aflaheimildir séu ekki persónubundin réttindi heldur fylgi þau skipum, sbr. ákvæði laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða. Hvergi séu þau skilgreind sem atvinnuréttindi einstaklinga. Aflaheimildirnar séu því eign xx ehf. og eigi að koma til skipta eins og aðrar eignir búsin.

Varnaraðili byggir á því að matið skuli lagt til grundvallar skiptum, enda hafi ekki verið krafist yfirmats, sbr. 22. gr. skiptalaga nr. 20/1991.

Varnaraðili krefst þess að hafnað skuli kröfu um að varnaraðili verði svipt um ráðum yfir bankareikningum og byggir á því að ekkert hafi verið fært fram því til stuðnings að hætta sé á að húni misfari með fjármunina.

Þess er krafist að úrskurðað verði að vilji sóknaraðili ekki útlagningu á xx ehf. skuli félagið selt. Þessi krafa er á því byggð að nauðsynlegt sé að ljúka skiptum og komi ekki fyrirmæli um þessi atriði sé líklegt að sóknaraðili reyni að draga skiptin á langinn.

## IV

Samkvæmt ákvæðum laga um stjórn fiskveiða er aflaheimildum úthlutað til skipa en ekki einstaklinga. Í þessu máli er ekki til úrlausnar hver eignarréttarleg staða aflaheimilda er, enda skiptir það ekki máli þar eð engin lagarök standa til þess að um sé að ræða persónubundin verðmæti á nokkurn hátt. Aflaheimildum þeim sem um ræðir var úthlutað skipi í eigu xx ehf. og er því verðmæti þeirra innifalið í verðmæti félagsins. Kröfu sóknaraðila um að aflaheimildirnar séu einkaeign hans er því hafnað.

Skiptastjóri óskaði eftir því við sýslumann, með vísun til 17. gr. skiptalaga, að tilnefndur yrði matsmaður til að meta verðmæti xx ehf. Varð sýslumaður við þessari beiðni 22. febrúar 2007 og liggur matsgerðin fyrir. Meðal gagna málsins eru fundargerðir tveggja matsfunda sem sóknaraðili sótti ásamt lögmanni sínum. Ekki verður séð að fleiri fundir hafi verið haldnir. Í 22. gr. skiptalaga segir að vilji aðili ekki una mati geti hann krafist þess við sýslumann að yfirmat fari fram. Geri hann það ekki er matið bindandi fyrir hann. Sóknaraðili hefur ekki krafist yfirmats samkvæmt þessu ákvæði og verður því að leggja matið til grundvallar skiptum búsin.

Krafa sóknaraðila um að svipta varnaraðila yfirráðum yfir bankareikningum er ekki studd lagarökum eða gögnum að öðru leyti. Skiptastjóri hefur upplýst að jafnvel þótt varnaraðili eyddi peningum af reikningunum væru nægir fjármunir til í búinu til að tryggja að sóknaraðili fengi sinn hlut óskertan. Engin efni eru því til að verða við kröfu sóknaraðila um þetta.

Í 108. gr. skiptalaga segir að meðan opinber skipti standi yfir sé skiptastjóri einn bær um að ráðstafa þeim eignum sem koma til skipta samkvæmt 104. gr. og til að taka við þeim eða greiðslu andvirðis þeirra úr hendi þriðja manns, nema þær hafi þegar verið lagðar aðilum út. Í 110. gr. laganna eru fyrirmæli um hvernig staðið skuli að útlagningu eigna bús og ráðstöfun þeirra og í 111. gr. eru ákvæði um ráðstöfun þeirra eigna sem ekki eru lagðar aðilum út. Samkvæmt því sem fyrir er mælt í þessum ákvæðum eru ákvarðanir teknar á skiptafundum og sér síðan skiptastjóri um að framfylgja þeim. Ekki eru því efni til þess fyrir dóminn á þessu stigi að taka afstöðu til þeirrar kröfu varnaraðila hvort xx ehf. skuli lagt sóknaraðila út eða það selt.

Samkvæmt öllu framanskráðu er kröfum sóknaraðila hafnað og skal hann greiða varnaraðila 300.000 krónur í málskostnað.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

### **Úrskurðarorð**

Hafnað er kröfu sóknaraðila, M um að framangreindar aflheimildir séu einkaeign hans.

Framangreint mat tilnefnds matsmanns skal lagt til grundvallar skiptum á búi sóknaraðila og varnaraðila, K

Hafnað er kröfu sóknaraðila um að varnaraðili verði svipt umráðum yfir framangreindum fjármunum.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 300.000 krónur í málskostnað.

Arngrímur Ísberg

